



Jafnréttisstofa

Ársskýrsla Jafnréttisstofu 2002

Jafnréttisstofa : Hvannavöllum 14 : 600 Akureyri
Sími 460 6200 : bréfsími 460 6201 : netfang jafnretti@jafnretti.is
www.jafnretti.is

Formáli.....	4
Hlutverk og skipulag	5
Hlutverk og skipulag	5
Starfið 2002.....	6
Helstu áherslumál ársins	6
Ráðgjöf og upplýsingar.....	6
Skýrslur og umsagnir	7
Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar til að ná fram jafnrétti kynjanna.....	7
CEDAW - Samningur um afnám alls misréttis gagnvart konum	8
ILO - Alþjóðavinnuumálastofnunin.....	8
Umsagnir.....	8
Nefndir og vinnuhópar.....	9
Nefnd um aukinn hlut kvenna í stjórnámálum	9
Konur til forystu.....	9
Jafnréttisráðgjafar í Norðvestur- og Norðausturkjördæmi.....	9
Samráðshópur um jafnréttismál sveitarfélaga.....	9
Nefnd um jafnrétti kynjanna við opinbera stefnumótun	10
Gagnabanki kvenna.....	10
Undirbúningshópur vegna átaks gegn verslun með konur.....	10
EES og EFTA	10
Mannréttindaskrifstofa Íslands.....	10
Málþing og opnir fundir	10
Málþing um kynbundinn launamun	10
Fundir 8. mars í Reykjavík og á Akureyri	11
Námskeið	11
Jafnt er betra.....	11
Jafnt er meira.....	12
Námskeið fyrir jafnréttisfulltrúa og stjórnendur ráðuneyta	12
Verkefni	13
Menning, umgjörð og umhyggja.....	13
Konur kveðja, karlar eru um kyrrt	13
Velferð, karlmennska og félagslegt frumkvæði.....	13
Útgáfa og vefsíða	14
Ársskýrsla	14
www.jafnretti.is.....	14
Námsgögn	14
Kynningar í fjölmiðlum	14
Vera.....	14
Fræðslufundir og haldin erindi.....	15
Heimsóknir á Jafnréttisstofu	15
Fræðsla og erindi utan stofunnar.....	15
Fundir, ráðstefnur, námskeið og kynningarstarf á vegum annarra	16
Jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna	16
Landsfundur jafnréttisnefnda sveitarfélaga.....	16
Norrænt samstarf.....	17
ÅK-JÅM	17
Gender.norden.org	17

Karlar og jafnréttismál	17
Jafnlaun	17
Kynjuð hagstjórn.....	17
NIKK.....	18
Umboðsmenn jafnréttis.....	18
Samstarf Norðurlandanna og Eystrasaltslandanna.....	18
Nefnd um jafnréttismál	18
Samstarf gegn verslun með konur.....	18
Norðurskautssamstarf	19
Taking Wing	19
Evrópskt samstarf.....	19
Jafnréttisnefnd Evrópuráðsins.....	19
Ráðgjafarnefnd ESB	19
Framkvæmdanefnd ESB	19
EFTA samráðshópur	19
Daphne verkefnaáætlun ESB	19
Annað erlent samstarf	20
Konur, karlar og lýðræði.....	20
Ráðstefnur og fundir erlendis.....	20
Jafnréttisráð	20
Kærunefnd jafnréttismála.....	21
Reglugerð um starfsemi Jafnréttisstofu.....	22

Formáli

Árið 2002 var annað heila starfsár Jafnréttisstofu og bar starfið þess skýr merki að innra öryggi og ytri tengsl höfðu styrkst töluvert frá því sem var fyrsta árið. Starfsemin var öflug, beinum og óbeinum erindum fjölgaði, bæði frá einstaklingum, félögum, fyrirtækjum, sveitarfélögum og stofnunum og samstarf innanlands og milli landa jókst. Hafist var handa við þrjú stór erlend samstarfsverkefni, og námskeiðahald fyrir fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög voru haldin um allt land. Starfsfólk tók virkan þátt í ótal nefndum, starfshópum og ráðum, sem sum skiluðu af sér mikilvægum niðurstöðum og árangri. Í upphafi árs 2002 hóf lögfræðingur störf á stofunni og hafði það mikil áhrif á möguleika Jafnréttisstofu til að sinna vel kvörtunum og kærnum sem varða hugsanleg brot á jafnréttislögunum. Í lok ársins bættist í hóp starfsfólks verkefnisstjóri í verkefni á vegum Evrópusambandsins.

Í þessari ársskýrslu er stutt yfirlit yfir öll helstu verkefni, en af eðlilegum ástæðum er ekki unnt að gera grein fyrir öllum þeim mikilvægu og oft flóknu málum sem stofan sinnir í þágu einstaklinga sem telja á sér brotið vegna kyns þeirra. Það verður heldur ekki gerð ítarleg eða tæmandi grein fyrir daglegri ráðgjöf sem veitt er til opinberra aðila og fyrirtækja um samþættingu jafnréttis- og kynjasjónarmiða í starfi þeirra. Það er trú okkar að aðferðafræði slíkrar samþættingar sé áhrifaríkasta leiðin til að ná raunverulegu jafnrétti kvenna og karla í samfélagi okkar, en á hverjum degi erum við rækilega minnt á að enn er langt í land. Enn þykir eðlilegt að greiða konum lægri laun en körlum, enn þykir óvenjulegt að karlar taki ábyrgð á fjölskyldu fram yfir ábyrgð í atvinnulífinu, enn þykir það frétt ef kona hlýtur ábyrgðarstöðu á ýmsum sviðum samfélagsins, enn heyrum við mikið talað um strákana okkar í boltanum um allan heim á meðan fæstir vita að fjöldi kvenna er á samningum við erlend boltalið. Klámvæðingin rennur yfir okkur eins og aurskriða, án þess að við fáum rönd við reist, konur og börn eru seld mansali og verða fórnarlömb í sjúkum leikkerfum markaðsaflanna.

Birtingarmyndir ójafnvægis kynjanna eru þannig afar fjölbreyttar og ólíkar, og það er von okkar sem hér störfum að stofan megi enn eflast til að ná að sinna þessu margþætta og flókna hlutverki sínu betur með hverju árinu í þágu jafnréttis kynjanna á öllum sviðum samfélagsins.

Akureyri í júlí 2003

Valgerður H. Bjarnadóttir, framkvæmdastýra

Hlutverk og skipulag

Jafnréttisstofa annast stjórnýslu á sviði jafnréttismála á Íslandi í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000 og heyrir undir yfirstjórn félagsmálaráðherra. Hún tók formlega til starfa 15. september 2000 og er til húsa að Hvannavöllum 14 á Akureyri.

Starfsfólk stofunnar árið 2002:

Valgerður H. Bjarnadóttir framkvæmdastýra, valgerdur@jafnretti.is

Anna Hallgrímsdóttir fulltrúi, anna@jafnretti.is

Ingólfur V. Gíslason sérfræðingur, ingolfur@jafnretti.is

Katrín Björg Ríkarðsdóttir sérfræðingur, katrinb@jafnretti.is

Kristín Kjartansdóttir verkefnisstjóri, kristin@jafnretti.is (frá nóvember)

Kristján Jósteynsson sérfræðingur, kristjan@jafnretti.is

Margrét María Sigurðardóttir lögfræðingur, margret@jafnretti.is (frá janúar)

Í samræmi við jafnréttislögin hefur Jafnréttisstofa m.a. eftirfarandi verkefni með höndum:

- a. hafa eftirlit með framkvæmd laganna,
- b. sjá um fræðslu og upplýsingastarfsemi,
- c. veita stjórnvöldum, stofnunum, fyrirtækjum, einstaklingum og félögum ráðgjöf,
- d. koma ábendingum og tillögum um aðgerðir um jafnréttismál á framfæri við félagsmálaráðherra, Jafnréttisráð og önnur stjórnvöld,
- e. auka virkni í jafnréttismálum, m.a. með aukinni aðild karla að jafnréttisstarfi,
- f. fylgjast með þjóðfélagsþróuninni í jafnréttismálum, m.a. með upplýsingaöflun og rannsóknum,
- g. veita jafnréttisnefndum, jafnréttisráðgjöfum og jafnréttisfulltrúum sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja aðstoð,
- h. vinna önnur verkefni í samræmi við markmið og gildissvið laganna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra

Sérstaklega er tekið fram að opinberum stofnunum, atvinnurekendum og félagsamtökum er skylt að veita Jafnréttisstofu hvers konar almennar upplýsingar sem nauðsynlegar eru starfsemi hennar.

Jafnréttisstofa hefur heimild til málshöfðunar á grundvelli álita Kærunefndar jafnréttismála, en nánar er kveðið á um framkvæmd hennar í reglugerð fyrir starfsemi stofunnar, sem samþykkt var í ársbyrjun 2003, og fylgir þessari skýrslu.

Starfið 2002

Helstu áherslumál ársins

Á fyrsta heila starfsári Jafnréttisstofu var eitt áherslumálið að fylgja eftir nýjum fæðingar- og foreldraorlofslögum, m.a. með málþingum og ráðstefnu undir yfirskriftinni *Það læra börn... málþing/ráðstefna um jafnrétti í samstarfi foreldra við fæðingu barns*. Auk þessa var jafnréttislögunum fylgt eftir, m.a. með kynningu á þeim ákvæðum laganna sem varða fyrirtæki og sveitarfélög. Farið var af stað með námskeið fyrir fyrirtæki, undir yfirskriftinni Jafnt er meira.

Árið 2002 var áherslan færð af meiri þunga á eftirfylgni jafnréttislaganna, m.a. með aukinni áherslu á skyldur sveitarstjórna eftir kosningarnar í maí, skyldur fyrirtækja og síðast en ekki síst ráðningu lögfræðings m.a. til að veita ráðgjöf við undirbúning á kærur til kærunefndar og fylgja álitum nefndarinnar eftir.

Námskeið voru haldin um allt land fyrir stjórnendur og starfsfólk sveitarstjórna, stofnana og fyrirtækja, bæði var haldið áfram frá fyrra ári með *Jafnt er meira*, en einnig boðið upp á námskeið sérsniðin að þörfum sveitarstjórna, undir yfirskriftinni *Jafnt er betra*.

Málshöfðunarheimild Jafnréttisstofu var nýtt í fyrsta sinn 2002. Sú staða kom upp að framkvæmdastýra stofunnar var tengd viðkomandi kærumáli í hlutverki sínu sem formaður félags, og var því leitað til fyrrum framkvæmdastjóra Jafnréttisráðs til að skera úr um hvort höfða skyldi mál fyrir dómstólum. Sú ákvörðun var tekin, og er niðurstöðu héraðsdóms að vænta sumarið 2003.

Ráðgjöf og upplýsingar

Til Jafnréttisstofu geta einstaklingar, félög, fyrirtæki, stofnanir og stjórnvöld leitað eftir ráðgjöf um málefni sem varða jafnrétti kynjanna. Þeim sem nota sér þessa þjónustu fjölgar í réttu hlutfalli við aukna vitund þjóðarinnar um jafnréttismál, og vitund um þessa þjónustu Jafnréttisstofu.

Einstaklingsmál voru mjög áberandi meðal þeirra mála sem stofunni bárust árið 2002. Þjónusta sem stofan veitir er bæði bein ráðgjöf, félagsleg og lagaleg, og með ráðningu lögfræðings stofunnar í byrjun árs jukust möguleikar á beinni lagalegri ráðgjöf. Jafnréttisstofa hefur markað sér þá stefnu að reyna ávallt að leysa málin með ráðgjöf um réttarstöðu þeirra einstaklinga eða hópa sem sjálfir vilja vinna að því að fá úrlausn sinna mála. Oft tekur stofan þó að sér að ræða við eða eiga bréfaskipti við það fyrirtæki eða þá stofnun sem talin er hafa brotið gegn viðkomandi einstaklingi eða hópi á grundvelli laganna. Í flestum tilvikum leysast málin á þennan hátt, en ef ekki eða ef viðkomandi einstaklingur eða hópur telur mikilvægast að fá álit kærunefndar, þá aðstoðar stofan við undirbúning kæru.

Sem fyrr leituðu nokkur fyrirtæki eða stofnanir aðstoðar stofunnar við að gera jafnréttisáætlanir, auk þeirra sem sóttu námskeið stofunnar í þeim tilgangi. Einnig leituðu fulltrúar sveitarfélaga ráðgjafar og upplýsinga um ýmis mál er lúta að jafnrétti kynjanna. T.d. virðast mörg sveitarfélög vera að huga að gerð launakannana, enda var mikil umræða um jafnlaunamál á árinu. Birtar voru niðurstöður tveggja

kannana á launamismun kynjanna hjá sveitarfélögum, annars vegar allsherjarkönnun hjá Reykjavíkurborg og hins vegar könnun á launum stjórnenda hjá Akureyrarbæ. Báðar staðfestu að ákveðinn árangur hefur náðst á síðustu árum, en að enn er langt í land, sérstaklega er mikill munur á yfirvinnugreiðslum til kvenna og karla.

Mikið er leitað til stofunnar eftir almennum upplýsingum m.a. um heimildir vegna ritgerðavinnu, en jafnréttismál virðast vekja mjög aukinn áhuga nemenda bæði í öllum háskólum landsins, sem og erlendis, og reyndar á öðrum skólastigum líka. Fjöldi símtala og tölvuskeyta berast, þar sem einfaldlega er spurt um hvar og hjá hverjum má nálgast þekkingu á hinum ýmsu sviðum jafnréttismála. Oft getur stofan svarað beint, en einnig er oft vísað í rit eða rann þeirra sem dýpri þekkingu hafa á málefnum.

Í töflunni hér á eftir er gerð tilraun til að flokka erindi til stofunnar eftir eðli þeirra. Fjöldi minniháttar erinda, þ.e. erindi sem afgreidd eru með einföldu svari í einu símtali eða tölvupósti, eru ekki talin hér með.

Í töflunni er leitast við að aðgreina aðstoð og ráðgjöf til fyrirtækja og sveitarfélaga, s.s. aðstoð við gerð jafnréttisáætlana, námskeiðahald o.fl.; almenna aðstoð við einstaklinga s.s. vegna ritgerða eða upplýsingaöflunar; og þau erindi sem varða meinta mismunun á grundvelli kynferðis. Ekki eru tilgreind fjölmörg erindi sem berast og varða jafnræði, s.s. búsetu, kynþátt, fötlun o.fl. Mun fleiri konur en karlar leita eftir ráðgjöf hjá Jafnréttisstofu, bæði vegna almennra erinda og meintrar mismunar. Í þessu yfirliti eru erindi flokkuð undir *Bæði kynin* ef þau varða ekki ákveðið annað kynið, undir *Konur* ef þau varða mismunun gegn konu eða konum eða upplýsingar um hópinn konur, og *Karlar* ef þau varða þann hóp, óháð kyni þess sem ráðgjafarinnar leitaði.

<i>Tegund erindis</i>	<i>bæði kynin</i>	<i>konur</i>	<i>karlar</i>
<i>Aðstoð og ráðgjöf - fyrirtæki</i>	29	2	0
<i>Aðstoð og ráðgjöf – sveitarfélög</i>	20	1	0
<i>Mismunun – ráðgjöf við einstakling/hóp</i>	1	87	20
<i>Önnur erindi – ráðgjöf/upplýsingar</i>	68	16	6
Samtals skráð, 250 erindi	118	106	26

Skýrslur og umsagnir

Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar til að ná fram jafnrétti kynjanna

Samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000 ber félagsmálaráðherra að leggja fram tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum eigi síðar en ári eftir alþingiskosningar. Slík áætlun var samþykkt til fjögurra ára 1998 og árið 2001 var ákveðið að framlengja gildistíma þeirrar áætlunar til ársins 2004. Fyrir þinglok vorið 2002 lagði félagsmálaráðherra fram skýrslu á Alþingi um stöðu framkvæmdaáætlunarinnar. Jafnréttisstofa vann drög að skýrslunni fyrir ráðherra. Í samvinnu við jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna fór stofan yfir stöðu verkefna og gerði í framhaldinu tillögur að þeim verkefnum sem halda ætti áfram og ljúka fyrir vorið 2004. Skýrsluna og framlengda framkvæmdaáætlun má finna á slóðinni <http://www.althingi.is/altext/127/s/1290.html>

CEDAW - Samningur um afnám alls misréttis gagnvart konum

(Convention on the Elimination of All Kinds of Discrimination against Women).

Ísland er aðili að CEDAW-samningnum, og ber að gera sérfræðinganevnd sem sér fyrir hönd Sameinuðu þjóðanna um eftirfylgni samningsins, grein fyrir stöðu jafnréttismála í landinu á fjögurra ára fresti. 1998 skilaði Ísland 3. og 4. skýrslu sinni til nefndarinnar og árið 2001 bárust fyrirspurnir frá nefndinni þar sem beðið var um nánari útskýringar og svör. Jafnréttisstofa vann svar við spurningunum Árið 2001 og í upphafi árs 2002 héldu Valgerður H. Bjarnadóttir framkvæmdastýra Jafnréttisstofu og Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir lögfræðingur í félagsmálaráðuneytinu á fund nefndarinnar í New York, til að sitja fyrir svörum. Fundurinn gekk vel og var nefndin að flestu leyti mjög sátt við þróun mála á Íslandi. Þó voru gerðar nokkrar athugasemdir, við ástand sem nefndinni þótti óviðunandi í landi sem hefði þó náð jafnt langt í jafnréttismálum og raun ber vitni. Þær helstu voru þessar:

- Launamismunur kynjanna er langt yfir viðunandi mörkum
- Hlutfall kvenna í ákvarðanatöku á öllum sviðum er of lágt – lagt er til að gripið verði til séraðgerða til að bæta þar úr
- Dómar í kynferðisafbrotamálum þykja allt of vægir og gefa þau skilaboð að slík brot séu ekki jafn alvarleg og mörg önnur, t.d. efnahagsbrot
- Að álit kærunevndar væru ekki bindandi
- Að hlutur kvenna í stjórnámum væri enn lítill

Haustið 2002 hófst undirbúningur fyrir 5. skýrslu Íslands til CEDAW-nefndarinnar. Skýrslan var tilbúin í upphafi árs 2003.

ILO - Alþjóðavinnuálagstofnunin

Íslenskum stjórnvöldum berast reglulega erindi frá Alþjóða

vinnuálagstofnuninni, ILO, þar sem m.a. er óskað upplýsinga um stöðu jafnréttismála. Árið 2002 var óskað eftir upplýsingum um eftirfarandi atriði:

1. Opinberar aðgerðir sem miða að því að minnka launamun kynjanna.
2. Tölfræðilegar upplýsingar um launamun á Íslandi.
3. Áætlanir ríkisstjórnarinnar í samvinnu við samtök opinberra starfsmanna um tillögur sem hafa verið settar fram til þess að minnka launamun kynjanna.
4. Upplýsingar um aðgerðir til þess að draga úr kynjaskiptingu vinnuamarkaðarins.
5. Upplýsingar um dómsúrskurði sem skipta máli varðandi grundvallaratriði í sáttmála Alþjóða vinnuálagstofnunarinnar.
6. Upplýsingar um starfsemi kærunevndar jafnréttismála.

Jafnréttisstofa vann svörin fyrir hönd félagsmálaráðuneytis.

Umsagnir

Jafnréttisstofa veitti umsögn um eftirtalin lagafrumvörp, þingsályktanir og opinberar skýrslur á árinu:

- Frá dómismálaráðuneytinu: Frumvarp til barnalaga - umsögn til sifjalaganefndar
- Frá Alþingi: Frumvarp til útlendingalaga
- Frá Alþingi: Mál nr. 180 - Stjórnarfrumvarp til barnalaga
- Frá Alþingi: Mál nr. 44 - um faðernismál
- Frá Alþingi: Mál nr. 31 - um sameiginlega forsjá
- Frá Alþingi: Mál nr. 19 - um stuðning við kvennahreyfingar

- Frá forsætisráðuneytinu: Skýrsla vegna rafrænnar stjórnsýslu

Nefndir og vinnuhópar

Nefnd um aukinn hlut kvenna í stjórnámálum

Félagsmálaráðherra skipaði þverpólitíska nefnd um aukinn hlut kvenna í stjórnámálum árið 1998. Nefndinni var samkvæmt þingsályktunartillögu ætlað að starfa í fimm ár að því að fjölga konum í stjórnámálum. Hún skilaði af sér um áramótin 2002-2003, en meginverkefnið síðasta árið voru tvö. Annars vegar hvatningarherferð fyrir sveitarstjórnarkosningarnar, sem kann að hafa haft einhver áhrif í þá átt að konum í sveitarstjórnnum fjölgaði úr 28% í 31,5% í kosningunum. Hins vegar var ráðist í verkefnið Konur í læri, þar sem konur í stjórnámálum tóku áhugasamar konur í læri, þ.e. leyfðu þeim að fylgja sér í daglegu starfi um tíma og kynntu þeim hinar ýmsu hliðar lífs stjórnmalakvenna. Valgerður H. Bjarnadóttir framkvæmdastýra sat í nefndinni fyrir hönd Jafnréttisstofu.

<http://www.fleirikonuristjornmal.is/interpro/fel/fel.nsf/pages/nefnd>

Konur til forystu

Jafnréttisstofa var þátttakandi í átakinu *Konur til forystu - jafnara námsval kynjanna* ásamt Háskóla Íslands o.fl. Verkefnið hófst árið 2000 og lauk í árslok 2002. Markmið þess var að fjölga konum í raunvísindum, verk- og tölvunarfræði ásamt því að hvetja karlmenn til náms í hefðbundnum kvennagreinum s.s. hjúkrunarfræði og félagsráðgjöf. Helstu verkefni ársins voru hvatningarátak í hjúkrunarfræði, þátttaka í ráðstefnu um konur og vísindi, þátttaka í vísinda- og tæknidögum og undirbúningur fyrir útgáfu fræðslubæklings fyrir ungt fólk um jafnréttismál.

Valgerður H. Bjarnadóttir framkvæmdastýra og Katrín Björg Ríkarðsdóttir, sérfræðingur skiptu með sér setu í stjórn verkefnisins.

<http://www.hi.is/stjorn/jafnrettisn/Ataksverkefni/index.html>

Jafnréttisráðgjafar í Norðvestur- og Norðausturkjördæmi

Í framhaldi af tilraunaverkefni á vegum félagsmálaráðuneytis um jafnréttisráðgjafa á Norðurlandi vestra eru nú starfandi atvinnu- og jafnréttisráðgjafar á vegum ráðuneytisins og Byggðastofnunar fyrir Norðvestur- og Norðausturkjördæmi. Verkefnið hefur verið framlengt til ársins 2005 og er gert ráð fyrir að árið 2003 leysi atvinnu- og jafnréttisráðgjafi í Suðurkjördæmi af ráðgjafann í Norðvesturkjördæminu.

Margrét María Sigurðardóttir lögfræðingur á Jafnréttisstofu á sæti í ráðgjafarnefnd vegna verkefnisins.

Samráðshópur um jafnréttismál sveitarfélaga

Á Landsfundi jafnréttisnefnda sveitarfélaga í Kópavogi árið 1999 var ákveðið að tilnefna fulltrúa í samráðshóp um jafnréttismál sveitarfélaga. Í honum áttu sæti fulltrúi nefndanna, fulltrúi Sambands sveitarfélaga og framkvæmdastjóri Jafnréttisráðs. Með tilkomu Jafnréttisstofu tók framkvæmdastýra við sæti þeirrar síðastnefndu. Eitt aðalhlutverk þessa hóps var að undirbúa Landsfundi jafnréttisnefnda einu sinni á ári, í samvinnu við viðkomandi sveitarfélag og Jafnréttisstofu. Á fundinum í Hafnarfirði 2002 var ákveðið að breyta skipan og

hlutverki samráðshópsins. Sviðsstjóri þróunarsviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga tók sæti í hópnum ásamt þeim jafnréttisráðgjöfum sem eru í starfi hjá sveitarfélögum, en þau eru Akureyri, Garðabær, Hafnarfjörður, Kópavogur, Reykjavík og Reykjanesbær. Helsta hlutverk hópsins verður að efla samband og upplýsingaflæði m.a. til Sambands íslenskra sveitarfélaga, gera jafnréttismál sýnilegri innan sveitarfélaganna ásamt því að vinna að undirbúningi landsfundar jafnréttisnefnda hverju sinni.

Fulltrúi Jafnréttisstofu í nýja hópnum er Kristján Jósteinsson, sérfræðingur.

Nefnd um jafnrétti kynjanna við opinbera stefnumótun

Framkvæmdastýra átti sæti í nefnd sem forsætisráðuneytið skipaði í nóvember 2000 og falið var að kanna hvort og með hvaða hætti opinber stefnumótun taki mið af jafnrétti kynjanna. Skipan nefndarinnar var ákveðin í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar frá 1998. Í henni áttu sæti fulltrúar Háskóla Íslands, Rannsóknastofu í kvennafræðum, Þjóðhagsstofnunar, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Hagstofu Íslands, auk Jafnréttisstofu. Forsætisráðherra skipaði Þorgerði K. Gunnarsdóttur formann. Nefndin lauk störfum í nóvember og fyrir liggur nefndarálit þar sem sjá má helstu niðurstöður af upplýsingaöflun og störfum nefndarinnar.

[http://forsaetisraduneyti.is/interpro/for/for.nsf/Files/jafnretti_kynjanna/\\$file/jafnretti_kynjanna.pdf](http://forsaetisraduneyti.is/interpro/for/for.nsf/Files/jafnretti_kynjanna/$file/jafnretti_kynjanna.pdf)

Gagnabanki kvenna

Rannsóknastofa í kvennafræðum, jafnréttisnefnd Háskóla Íslands, Kvennasögusafn Íslands og Jafnréttisstofa hafa með sér samstarf um gerð kvennagagnabanka. Markmiðið er að í gagnagrunninum verði að finna nöfn kvensérfræðinga af öllum fagsviðum og að þekking þeirra verði gerð sýnileg og aðgengileg. Allnokkur mótunarvinna fór fram á árinu. Katrín Björg Ríkarðsdóttir sérfræðingur á Jafnréttisstofu er tengiliður stofunnar vegna verkefnisins.

<http://www.hi.is/stofn/fem/1/meira/kvennagagnabanki.html>

Undirbúningshópur vegna átaks gegn verslun með konur

Sjá undir samstarf Norðurlandanna og Eystrasaltslandanna.

EES og EFTA

Valgerður H. Bjarnadóttir framkvæmdastýra á sæti í Samráðsnefnd aðila vinnumarkaðarins um EES og Sérfræðingahópi IV. undirnefndar EFTA.

Mannréttindaskrifstofa Íslands

Jafnréttisstofa á aðild að Mannréttindaskrifstofu Íslands og á Kristján Jósteinsson, sérfræðingur sæti í stjórn hennar fyrir hönd stofunnar.

Málþing og opnir fundir

Málþing um kynbundinn launamun

Félagsmálaráðuneyti, Jafnréttisráð, Jafnréttisstofa og Vinnumálastofnun stóðu fyrir málþingi um kynbundinn launamun 28. febrúar. Tilgangur þingsins var m.a. að koma launamálum kynjanna á dagskrá fyrir sveitarstjórnarkosningar.

Félagsmálaráðherra Páll Pétursson flutti ávarp en þau sem fluttu erindi á málþinginu voru:

Guðrún Jóhanna Guðmundsdóttir sérfræðingur hjá Baugi,
Kjartan Ólafsson sérfræðingur hjá Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri,
Alda Sigurðardóttir fræðslustjóri Verzlunarmannafélags Reykjavíkur,
Valgerður Magnúsdóttir starfsmaður Fjölskylduráðs og
Svali H. Björgvinsson ráðgjafi hjá PricewaterhouseCoopers.

Reynt var að skipuleggja málþingið þannig að erindin höfðuðu til þeirra sem líklegir eru til að koma að ákvörðunum sem hafa áhrif á laun karla og kvenna og möguleika þeirra á vinnumarkaði, þ.e. atvinnurekenda, stjórnenda og stjórnmalamanna.

Ingólfur V. Gíslason sérfræðingur á Jafnréttisstofu var formaður starfshóps sem undirbjó málþingið.

Fundur 8. mars í Reykjavík og á Akureyri

Á alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars stóðu Jafnréttisstofa, Alþýðusamband Íslands, BSRB og SÍB fyrir opnum fundum í Reykjavík og á Akureyri. Þessir aðilar sameinuðust um ávarp í tilefni dagsins undir yfirskriftinni *Framlag kvenna gerir gæfumuninn*. Í ávarpinu var vakin athygli á sérstaklega mikilvægu framlagi kvenna á vinnumarkaði til hagsældar hér á landi. Bent var á þann kynbundna launamun sem er til staðar og mikilvægi baráttunnar fyrir launajafnrétti áréttað. Krafist var hóflegs vinnutíma og að starfsskilyrði og vinnuskipulag taki tillit til hagsmuna kvenna á vinnumarkaði. Þá var þess krafist að samfélagið virði og meti mikilvægi framlags kvenna á vinnumarkaði og mæti þeim þörfum sem almenn atvinnuþátttaka kvenna skapar.

Í Reykjavík var haldinn morgunverðarfundur á Grand Hótel, einnig með þátttöku Reykjavíkurborgar. Þar fluttu framsöguerindi Lilja Mósesdóttir hagfræðingur og lektor við Háskólann í Reykjavík, Hólmfríður K. Gunnarsdóttir frá Vinnueftirliti ríkisins og Hildur Jónsdóttir jafnréttisráðgjafi Reykjavíkurborgar.

Á Akureyri var haldinn síðdegisfundur í Deigluinni og þar fluttu framsögur Guðrún Ögmundsdóttir alþingiskona, Katrín Björg Ríkarðsdóttir sérfræðingur á Jafnréttisstofu og Margrét María Sigurðardóttir lögfræðingur á Jafnréttisstofu.

Námskeið

Jafnt er betra

Á nýhöfnu kjörtímabili sveitarstjórna og vegna ákvæðis í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000 um að sveitarfélög skuli skipa jafnréttisnefndir og setja sér jafnréttisáætlanir, var ákveðið að bjóða upp á námskeiðið *Jafnt er betra* þar sem fjallað er um jafnréttisstarf sveitarfélaga. Námskeiðið var haldið á Húsavík 7. október, á Hvolsvelli 11. október, á Sauðárkróki 14. október, í Borgarnesi 16. október, í Reykjanesbæ 17. október, í Reykjavík 22. október, á Akureyri 23. október, á Egilsstöðum 18. nóvember og á Blönduósi 20. nóvember. Alls sóttu 88 manns námskeiðin, 64 konur og 24 karlar, frá tæplega 30 sveitarfélögum og um 10 fyrirtækjum/stofnunum. Helstu efnisþættir voru: Skyldur sveitarfélaga í jafnréttismálum kynjanna, helstu tölulegu staðreyndir um stöðu kynjanna, hugmyndafræði samþættingar kynja-

og jafnréttissjónarmiða og jafnréttisáætlanir. Þátttakendur fengu afhenta möppu með námsgögnum.

Leiðbeinendur á námskeiðunum voru starfsfólk Jafnréttisstofu, þau Margrét María Sigurðardóttir lögfræðingur, Kristján Jósteinsson og Katrín Björg Ríkarðsdóttir sérfræðingar.

Jafnt er meira

Samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000 ber atvinnurekendum að vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna og stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf. Auk þess ber fyrirtækjum og stofnunum þar sem starfa fleiri en 25 manns að gera jafnréttisáætlun. Til þess að koma til móts við fyrirtæki og stofnanir bauð Jafnréttisstofa upp á námskeiðið *Jafnt er meira* þar sem fjallað er um jafnréttisstarf fyrirtækja og gerð jafnréttisáætlana. Námskeiðið var upphaflega hannað af fyrirtækinu *Skref fyrir skref* og haldið tvisvar árið 2001. Árið 2002 var námskeiðið endurskoðað í ljósi reynslunnar og haldið af starfsfólki Jafnréttisstofu. Það var í boði á ellefu stöðum á landinu en ekki reyndist grundvöllur til að halda það nema í Reykjavík og var það gert 22. október. Þátttakendur í námskeiðinu í Reykjavík voru 23, 15 konur og 8 karlar, langflest frá opinberum stofnunum. Þeim sem höfðu ætlað sér að sækja námskeiðið annars staðar á landinu var boðið að sitja námskeiðið *Jafnt er betra* með fólki frá sveitarstjórnnum og þáðu flest það. Þar var reynt að koma til móts við þarfir fulltrúa fyrirtækjanna með því að bjóða upp á sérstök verkefni tekin úr námsefni *Jafnt er meira*.

Helstu efnisþættir voru: Skyldur fyrirtækja og stofnana í jafnréttismálum kynjanna, helstu tölulegu staðreyndir um stöðu kynjanna, hugmyndafræði samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða og jafnréttisáætlanir. Þátttakendur fengu afhenta möppu með námsgögnum.

Leiðbeinendur á námskeiðinu voru starfsfólk Jafnréttisstofu, þau Margrét María Sigurðardóttir lögfræðingur, Kristján Jósteinsson sérfræðingur og Katrín Björg Ríkarðsdóttir sérfræðingur.

Námskeið fyrir jafnréttisfulltrúa og stjórnendur ráðuneyta

Mánudaginn 11. febrúar hélt Jafnréttisstofa námskeið fyrir stjórnendur í ráðuneytum og jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna. Umfjöllunarefnið var samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða og hlutverk jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna. Tilgangurinn með námskeiðinu var að koma til móts við þarfir stjórnenda ráðuneytanna svo þeir séu betur í stakk búnir til að mæta vilja og stefnu ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum eins og hún birtist í leiðarljósi framkvæmdaáætlunar til að ná fram jafnrétti kynjanna. Þar segir "...sjónarmið jafnréttis verði fléttað inn í alla þætti stefnumótunar, ákvarðana og aðgerða á vegum ríkisins."

Helstu efnisþættir námskeiðsins voru: Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum, samþættingarhugmyndafræðin og hlutverk jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna. Þátttakendur komu frá öllum ráðuneytum og voru samtals 42, 21 kona og 21 karl. Leiðbeinendur voru starfsfólk Jafnréttisstofu: Margrét María Sigurðardóttir lögfræðingur, Kristján Jósteinsson, Ingólfur V. Gíslason og Katrín Björg Ríkarðsdóttir sérfræðingar.

Verkefni

Mening, umgjörð og umhyggja

Jafnréttisstofa hafði vorið 2002 forgöngu um að sækja um styrk til samstarfsverkefnis, undir jafnréttisáætlun ESB í sérstöku útboði sem beint er til yfirvalda aðildarlanda EES. Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs var þema ársins í þeirri áætlun og var unnið að undirbúningi í sérstöku samráði við Noreg, þar sem EES ríkin þurfa að sameinast um eina umsókn. Þemað 2001 hafði verið launamál kynjanna og hafði þá Noregur forgöngu um umsóknina. Aðeins fjórar umsóknir bárust og styrkur fékkst að upphæð um 20 milljónir. Stofan undirritaði haustið 2002 samning, um stjórn verkefnis með titilinn *Culture, custom and caring – men's and women's possibilities to parental leave* eða *Mening, umgjörð og umhyggja – möguleikar karla og kvenna til foreldraorlofs*. Um er að ræða eins árs verkefni í samstarfi við stofnanir í Þýskalandi og Spáni, auk Noregs. Samstarfsstofnanir á Íslandi eru Rannsóknastofa í kvennafræðum og Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri, auk verktaka sem munu sjá um gerð sjónvarpsmyndar og heimasíðu. Áætlað er að verkefnið kosti um 25 milljónir króna og styrkurinn greiðir 80% kostnaðar.

Tilgangur verkefnisins er að skoða samspil kynjahlutverka, menningar og siðvenja, laga og reglugerða, og hvernig þessir þættir hindra eða auka möguleika kvenna og karla til að vinna saman að uppeldi barna sinna. Sérstaklega verður horft til fæðingar- og foreldraorlofsreglna og nýtingu annars vegar kvenna og hins vegar karla á þeim réttindum sem í hverju landi bjóðast.

Niðurstöðum verkefnisins verður miðlað með sjónvarpsmynd sem tekin verður og sýnd í öllum þáttökulöndunum. Einnig verður hægt að fylgjast með ferli verkefnisins og niðurstöðum á heimasíðu þess www.jafnretti.is/caring/ Verkefnissjóri er Kristín Kjartansdóttir, félagsfræðingur.

Konur kveðja, karlar eru um kyrrt

Jafnréttisstofa og Byggðarannsóknastofnun Íslands taka þátt í norrænu samstarfsverkefni *Kvinner reiser, menn blir – Konur kveðja, karlar eru um kyrrt* ásamt stofnunum í Svíþjóð, Noregi, Finnlandi, Færeyjum og Grænlandi.

Rannsókuð eru kynbundin áhrif norræna velferðarkerfisins og breytinga á vinnumarkaði, á þéttbýli og hinar dreifðu byggðir, brottflutning úr dreifbýli í þéttbýli, auk áhrifa á stöðu, hlutverk og samskipti kvenna og karla á viðkomandi svæðum. Verkefnið beinist að norðursvæðum þ.e. Norrbotten í Svíþjóð, Finnmerkur- og Troms fylkjum í Noregi, Lapplandi í Finnlandi, öllu Íslandi, Færeyjum og Grænlandi. Verkefnið nær til ára 2002-2004.

Ingólfur V. Gíslason vinnur að verkefninu fyrir hönd Jafnréttisstofu.

Velferð, karlmennska og félagslegt frumkvæði

Jafnréttisstofa tekur einnig þátt í norræna verkefninu *Welfare, masculinity and social innovation* eða *Velferð, karlmennska og félagslegt frumkvæði* sem unnið er í samstarfi við kynjafræðinga á Norðurlöndunum, en auk þess tengist verkefnið samevrópskum rannsóknum. Hið flókna samspil félagslegs frumkvæðis í atvinnulífinu og innan fjölskyldna er skoðað auk tengsla þess við breytingar á stöðu kynjanna og hugmynda um karlmennsku.

Verkefnið byggir á átta verkefnum sem unnin eru á Norðurlöndunum fimm og nær verkefnið yfir tímabilið 2002 til 2004. Sameiginlegur viðtalsvísir varð til á

árinu en hann gefur möguleika á að skoða hvort sjá megi einhverjar sameiginlegar þróunarlinur. Viðtalsvísirinn er einnig aðlagður að verkefnum í hverju landi fyrir sig en þau beinast að mismunandi hópum þó grunnþemað sé hið sama, hverjir rjúfa múra hefðbundinnar verkaskiptingar kynjanna, af hverju og hvaða áhrif hefur það á önnur svið tilveru þeirra. Hérlandis verður sjónum sérstaklega beint að þeim körlum sem nýtt hafa meira en sinn afmarkaða hluta af fæðingarorlofinu. Leitað verður svara við því af hverju þeir geri það, hvort þeir séu einnig frumkvöðlar á öðrum sviðum og hvaða augum þeir líti stöðu sína í breyttu samfélagi. Auk karlanna sjálfra verður einnig rætt við maka þeirra, samstarfsaðila og yfirmann þar sem það á við. Ingólfur V. Gíslason sérfræðingur á Jafnréttisstofu annast rannsóknirnar hérlandis.

Útgáfa og vefsíða

Ársskýrsla

Ársskýrsla Jafnréttisstofu fyrir árið 2001 ásamt greinargerð um starfið á árinu 2000 kom út á haustdögum. Um er að ræða fyrstu ársskýrslu stofunnar. Hún var eingöngu gefin út á rafrænu formi og er aðgengileg á vefsíðunni www.jafnretti.is

www.jafnretti.is

Reglulega eru birtar fréttir og upplýsingar á vefsíðu Jafnréttisstofu www.jafnretti.is

Námsgögn

Ýmis námsgögn hafa verið útbúin vegna námskeiða Jafnréttisstofu og hafa þátttakendur fengið afhentar möppur með ýmsum gagnlegum upplýsingum um hvernig vinna beri að jafnréttismálum.

Kynningar í fjölmiðlum

Lögð hefur verið áhersla á kynningar og auglýsingar í fjölmiðlum, dagbókum t.d. stéttarfélagi og tímaritum þegar við hefur átt. Nokkur fjöldi viðtala við starfsfólk stofunnar hefur birst í dagblöðum, tímaritum, útvarpi og sjónvarpi auk þess sem starfsfólk hefur ritað greinar um ýmis mál tengd jafnrétti kynjanna.

Vera

Gerður var samningur við tímaritið Veru um að Jafnréttisstofa hefði til umráða opnu í hverju blaði auk auglýsingar. Fjallað hefur verið um ýmis málefni s.s. erlent samstarf sem Jafnréttisstofa tekur þátt í, þær breytingar sem jafnréttislögin fölu í sér frá fyrri lögum. Kynnt var ferð um landið með námskeiðið *Jafnt er betra* og að ferð lokinni fjallað um hvernig til tókst. Verkefnið *Konur kveðja, karlar eru um kyrrt* var kynnt og fjallað var um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða hjá Norrænu ráðherranefndinni og kynjaða opinbera fjárhagsáætlanagerð.

Fræðslufundir og haldin erindi

Heimsóknir á Jafnréttisstofu

Á hverju ári sækja fulltrúar annarra landa Ísland heim til að læra af reynslu okkar í jafnréttismálum, auk þess sem fréttafólk utan úr heimi vill heyra af árangri okkar á því sviði. Fæðingarorlofslögin hafa vakið athygli víða um heim og fólk vill vita meira um framkvæmd og árangur.

Af erlendum heimsóknnum gesta sem Jafnréttisstofa tók á móti eða átti þátt í að undirbúa, má nefna heimsóknir fulltrúa lettneskra yfirvalda og norsku vinnuálastofnunarinnar. Grænlenskir fréttamenn heimsóttu stofuna, og höfðu sérstakan áhuga á fæðingarorlofsmálum.

Norræna embættismannanefndin á sviði jafnréttismála (ÄK-JÄM) hélt fund á Jafnréttisstofu í apríl en auk hennar sóttu þann fund fulltrúi verkefnis um upplýsingastefnu norrænna jafnréttisyfirvalda og verkefnisstjóri verkefnis Norðurlanda og Eyrstrasaltsríkja um verslun með konur.

Af fulltrúum íslenskra stofnana, samtaka og hópa sem sóttu stofuna formlega heim á árinu má nefna fulltrúa Stígamóta, jafnréttisfulltrúa Mosfellsbæjar, formann Sundsambands Íslands og fulltrúa ÍSÍ.

Alltaf er nokkuð um að hópar úr skólum eða félögum komi í heimsókn til að fræðast um jafnréttismál. Meðal fastra gesta eru nemendur í Menntasmiðjunni, og einnig heimsækja sérfræðingar stofunnar ýmsa skóla og stofnanir á hverju ári.

Fræðsla og erindi utan stofunnar

- Háskólinn á Akureyri heilbrigðisdeild – um kynbundið ofbeldi: Katrín Björg Ríkarðsdóttir, sérfræðingur
- Háskólinn á Akureyri rekstrardeild – um gerð jafnréttisáætlana í fyrirtækjum: Kristján Jósteinsson, sérfræðingur
- Ávarp flutt á baráttufundi í Borgarbíói, 1. maí á Akureyri: Margrét María Sigurðardóttir, lögfræðingur
- Deiglan 24. október á fundi jafnréttisnefndar Akureyrarbæjar með fulltrúum Herferðarinnar – erindi um erlent samstarf Jafnréttisstofu vegna kynbundins ofbeldis: Katrín B. Ríkarðsdóttir, sérfræðingur og fulltrúi Íslands í norrænni verkefnisstjórn um átak gegn verslun með konur
- Menntasmiðja unga fólksins – Jafnrétti kynjanna: Kristján Jósteinsson, sérfræðingur
- Bókasafn Mosfellsbæjar - Karlar og fjölskyldur þeirra: Ingólfur V. Gíslason, sérfræðingur
- Fjölbrautarskólinn Ármúla - Jafnrétti kynjanna: Ingólfur V. Gíslason
- Málþing Félags ábyrgra feðra, Fjölskyldan, atvinnan og skólinn - Vinnusími móður: Ingólfur V. Gíslason
- Erindi haldin á feðrakvöldum hjá MFS einingu Landsspítala Háskólasjúkrahúss (Meðganga, fæðing, sængurlega), hjá Sólvangi í Hafnarfirði og hjá Miðstöð mæðraverndar í Reykjavík: Ingólfur V. Gíslason

- Lokaráðstefna Evrópuverkefnisins Towards a closing of the gender pay-gap – Facts, Figures and Fantasy: Valgerður H. Bjarnadóttir, framkvæmdastýra.

Fundur, ráðstefnur, námskeið og kynningarstarf á vegum annarra

Gífurlegur fjöldi funda, námskeiða og ráðstefna á sviði jafnréttismála og málefna kynjanna var haldinn af hinum ýmsu aðilum á árinu. Jafnréttisstofu bárust ótal tilboð um þátttöku, en sökum tíma og fjármagnsskorts var ekki unnt að þiggja nema lítið brot af því sem til boða stóð.

Meðal þeirra sem mestan skerf lögðu til virkrar umræðu á árinu voru:

Kvenréttindafélag Íslands
Rannsóknastofa í kvennafræðum
Samtök atvinnulífsins
Stéttarfélög
Stígamót

Starfsfólk Jafnréttisstofu sótti eftirtaldar ráðstefnur, málstofur og opna fundi:

- Málstofur Stígamóta um vandi, haldnar í Norræna húsinu 9. mars og 10. september.
- Morgunverðarfundur UNIFEM, Reykjavík 24. október. Umræðuefni fundarins var sjálfbær þróun, staða kvenna í Afríku og fátækt kvenna í velferðarsamfélagi.

Jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna

Regluleg samskipti hafa verið milli Jafnréttisstofu og jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna ekki síst vegna vinnu við skýrslu félagsmálaráðherra um stöðu framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar til að ná fram jafnrétti kynjanna og vegna endurskoðunar framkvæmdaáætlunarinnar.

Jafnréttisfulltrúarnir sátu námskeið á vegum Jafnréttisstofu með stjórnendum ráðuneytanna í febrúar þar sem athyglinni var m.a. beint að hlutverkum þeirra innan ráðuneytanna. Sérfræðingur á Jafnréttisstofu fundaði með fulltrúunum í Reykjavík í mars vegna endurskoðunar framkvæmdaáætlunar og þau komu til fundar á Jafnréttisstofu í byrjun desember þar sem m.a. var farið yfir þróun jafnréttismála í ráðuneytunum á árinu.

Landsfundur jafnréttisnefnda sveitarfélaga

Landsfundur jafnréttisnefnda sveitarfélaga var haldinn í Hafnarfirði 8.-9. nóvember. Jafnréttisnefnd Hafnarfjarðar stóð fyrir fundinum en Jafnréttisstofa aðstoðaði við undirbúning hans.

Þrjú málefni voru til umfjöllunar: Fjölgun kvenna í sveitarstjórnnum, jafnréttisstarf sveitarfélaga og kynbundinn launamunur. Starfsfólk Jafnréttisstofu sá um þann hluta sem sneri að jafnréttisstarfi sveitarfélaga.

Í ályktun fundarins var því fagnað að hlutfall kvenna í sveitarstjórnnum jókst úr 28% í 31% en jafnframt bent á að enn sé þó langt í land. Fundurinn lýsti yfir áhyggjum vegna þess kynbundna launamunar sem viðgengst á íslenskum vinnumarkaði og beindi tilmælum til sveitarstjórna um að grípa til markvissra aðgerða til þess að eyða honum. Þá hvatti landsfundurinn Alþingi til að setja í lög bann við einkadansi á

nektarstöðum ásamt því að endurskoða lög um vændi með það fyrir augum að gera kaup á vændi saknæm og fara þannig að fordæmi Svía.

Norrænt samstarf

ÄK-JÄM

Á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar starfar embættismannanefnd um jafnréttismál. Valgerður H. Bjarnadóttir framkvæmdastýra á sæti í nefndinni fyrir hönd jafnréttisyfirvalda á Íslandi. Í samstarfsáætlun Norðurlandanna fyrir árin 2001-2005 er áherslan lögð á kynjaða hagstjórn, karla og jafnrétti ásamt aðgerðum gegn kynbundnu ofbeldi og eru starfandi vinnuhópar um þau málefni. Embættismannanefndin fundaði á Jafnréttisstofu í apríl.

Samstarfsáætlunina má nálgast hér: <http://www.norden.org/gender/n-jam-arb/is/samprog.asp?lang=5>

Gender.norden.org

Vefsvæði Norrænu ráðherranefndarinnar um jafnrétti kynjanna var opnað 30. október á 50 ára afmælisþingi Norðurlandaráðs sem haldið var í Helsinki. Markmið vefsvæðisins er að miðla upplýsingum um hvernig unnið er að því að jafna hlut kynjanna á Norðurlöndum. Því er ætlað að vera upplýsingaveita um aðgerðir stjórnvalda á þessu sviði, hagtölur, lög, lagabreytingar, nýjungar, greinargerðir, verkefni og skoðanir. Katrín Björg Ríkarðsdóttir sérfræðingur á Jafnréttisstofu situr í ritstjórn www.gender.norden.org.

Karlar og jafnréttismál

Í apríl hittist hér á landi norræn nefnd sem hefur haft það verkefni að ljúka því sem eftir stendur af norrænni áætlun um karla og jafnréttismál sem samþykkt var 1997. Ingólfur V. Gíslason hefur setið í nefndinni en hún stóð síðan m.a. fyrir ráðstefnu í Osló í desember um opinbera kynjamótun.

Jafnlaun

Árið 2000 ákváðu samvinnuráðherrar Norðurlanda að eiga frumkvæði að því að halda áfram fyrri vinnu að því að jafna laun karla og kvenna á Norðurlöndum. Þeim var ljóst að nauðsynlegt væri að koma á fót samvinnu milli þeirra sem tengjast vinnumarkaðnum og hinna sem vinna að jafnréttismálum. Þess vegna var settur á fót vinnuhópur þar sem bæði sviðin áttu fulltrúa, en Ísland lét nægja að hafa einn fulltrúa. Samkvæmt umboði hópsins átti hann að leggja fram yfirlit yfir stöðuna á Norðurlöndum hvað varðar laun kynjanna og leggja fram tillögu að samvinnuverkefni sem beindist að því að gera hugmyndina um jöfn laun fyrir sambærileg og jafn verðmæt störf að raunveruleika. Hópurinn var settur á laggirnar í byrjun árs 2002 og mun skila tillögum sínum í mars 2003. Kristján Jósteynsson var fulltrúi Íslands í hópnum framan af en síðan tók Ingólfur V. Gíslason við. Hópurinn fundaði þrisvar á árinu og gekkst fyrir málþingi sérfræðinga í Osló í nóvember.

Kynjuð hagstjórn

Fulltrúar frá jafnréttis- og fjármálaráðuneytum Norðurlandanna sitja saman í nefnd um kynjaða hagstjórn (samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í

fjarlagavinnu). Margrét María Sigurðardóttir lögfræðingur á Jafnréttisstofu er fulltrúi íslenskra jafnréttisyfirvalda í hópnum.

Verkefni hópsins hefur verið að skoða dreifingu á fjármagni með hliðsjón af kynferði á sviði heilbrigðis- og tryggingamála en hingað til hefur lítið verið vitað hvernig fjármagnið dreifist með tilliti til kynja.

NIKK

Kristján Jósteinsson sérfræðingur á Jafnréttisstofu er varamaður í stjórn Norrænu rannsóknastofnunarinnar í kvenna- og kynjafræðum.

<http://www.nikk.uio.no/>

Umboðsmenn jafnréttis

Margrét María Sigurðardóttir lögfræðingur á Jafnréttisstofu sótti fund norræna umboðsmanna jafnréttismála sem haldinn var í Noregi haustið 2002. Fundir umboðsmannanna eru vettvangur til þess að fara yfir helstu mál sem í gangi eru á Norðurlöndunum og skiptast á skoðunum um jafnrétti kynjanna.

Samstarf Norðurlandanna og Eystrasaltslandanna

Nefnd um jafnréttismál

Samkvæmt samstarfsáætlun Norðurlandanna og Eystrasaltslandanna, sem nær til árana 2001-2003, er starfandi nefnd um jafnréttismál. Meginmarkmið hennar er að styrkja og stuðla að samstarfi þeirra opinberu stofnana sem fara með jafnréttismál á Norðurlöndunum og í Eystrasaltslöndunum. Valgerður H. Bjarnadóttir framkvæmdastýra situr í nefndinni.

http://www.norden.org/gender/internationellt/uk/cooperation_programme.pdf

Samstarf gegn verslun með konur

Sameiginlegt átak Norðurlandanna og Eystrasaltslandanna gegn verslun með konur hófst formlega á ráðstefnu í Tallinn í Eistlandi 29.-31. maí. Um er að ræða samstarfsverkefni jafnréttis- og dómsmálaráðuneyta landanna átta sem hvert um sig leggja sínar séráherslur í baráttunni gegn verslun með konur eftir aðstæðum. Alls voru haldnar þrjár ráðstefnur í Eystrasaltslöndunum þar sem sjónum var beint að hinum ýmsu hliðum vandans. Sjá heimasíðu átaksins

<http://www.nordicbalticcampaign.org>

Á Íslandi stofnuðu félagsmálaráðherra og dómsmálaráðherra undirbúningshóp sem hefur það hlutverk að skipuleggja átakið hérlandis. Í honum sitja fulltrúar frá utanríkisráðuneyti, Útlendingaeftirliti, Vinnumálastofnun, Ríkislögreglustjóra, Sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli, Alpýðusambandi Íslands, Neyðarmóttökunni á Landspítalanum, Kvinnaráðgjöfinni, Rauða krossi Íslands, Stígamótum, Kvennaathvarfinu, Jafnréttisstofu, félagsmálaráðuneyti og dómsmálaráðuneyti. Verkefnisstjórar eru Dís Sigurgeirsdóttir lögfræðingur í dómsmálaráðuneytinu og Ásta Sigrún Helgadóttir lögfræðingur í félagsmálaráðuneytinu. Íslenska átakið fer fram á fyrri hluta ársins 2003. Katrín Björg Ríkarðsdóttir sérfræðingur á Jafnréttisstofu er fulltrúi jafnréttisyfirvalda á Íslandi í vinnuhópi Norðurlandanna og Eystrasaltslandanna og sat í innlenda undirbúningshópnum.

Norðurskautssamstarf

Taking Wing

Valgerður H. Bjarnadóttir framkvæmdastýra átti sæti í undirbúningshópi fyrir Norðurskautsráðstefnu um málefni kvenna á norðurslóðum. Ráðstefnan *Taking Wing* var haldin í Saariselkä í Finnlandi í ágúst. Á henni var Íslandi falið að vinna áfram að málefnum kvenna á norðurslóðum en það gegnir formennsku í Norðurskautsráðinu árið 2003.

Evrópskt samstarf

Jafnréttisnefnd Evrópuráðsins

Á vegum Evrópuráðsins er starfandi stjórnarnefnd um jafnréttismál, CDEG, og er Kristján Jósteinsson sérfræðingur á Jafnréttisstofu fulltrúi Íslands.

<http://humanrights.coe.int/equality/Eng/EqualityCommittee/EqualityCommittee.htm>

Ráðgjafarnefnd ESB

Valgerður H. Bjarnadóttir framkvæmdastýra Jafnréttisstofu er varamaður í ráðgjafarnefnd sem mótar stefnu Evrópusambandsins í jafnréttismálum og gerir framkvæmdaáætlun um jafnrétti kynjanna.

Framkvæmdanefnd ESB

Framkvæmdanefnd Evrópusambandsins um jafnréttismál starfar eftir framkvæmdaáætlun ráðgjafarnefndarinnar. Valgerður H. Bjarnadóttir framkvæmdastýra Jafnréttisstofu situr í nefndinni sem árlega veitir styrki til jafnréttisverkefna.

http://europa.eu.int/comm/employment_social/equ_opp/index_en.htm

Verkefninu *Towards a closing of the Gender Pay Gap* sem Rannsóknastofa í kvennafræðum vann að fyrir hönd Jafnréttisráðs í samstarfi við Noreg, Bretland, Danmörku, Grikkland og Austurríki lauk á árinu. Niðurstöður verkefnisins hlutu mikla athygli í fjölmiðlum hér á landi enda sýndu þær fram á mikinn launamun milli kynja. Allar niðurstöður þ.á m. lokaskýrslu Íslands má nálgast á vefslóðinni <http://www.likestilling.no/genderpaygap/>

Meðal þeirra verkefna sem hlutu styrk úr áætluninni árið 2002 er verkefnið *Menning, umgjörð og umhyggja* sem sagt er frá annars staðar í skýrslunni.

EFTA samráðshópur

Valgerður H. Bjarnadóttir framkvæmdastýra Jafnréttisstofu á sæti í samráðshópi EFTA sem fjallar um tillögur Evrópusambandsins að tilskipunum og leiðbeinandi reglum á sviði jafnréttismála eða mála sem snerta konur sérstaklega.

Daphne verkefnaáætlun ESB

Árlega eru veittir styrkir úr Daphne verkefnaáætlun Evrópusambandsins til verkefna sem ætlað er að vinna gegn ofbeldi á börnum, ungmennum og konum (Programme of Community Action on Preventive Measures to fight Violence against Children, Young People and Women).

Jafnréttisstofa og Barnaverndarstofa hafa umsjón með áætluninni hér á landi. Katrín Björg Ríkarðsdóttir sérfræðingur á Jafnréttisstofu á sæti í verkefnisnefnd Daphne.

Meðal þeirra verkefna sem hlutu styrk úr Daphne áætluninni á árinu var verkefni sem Stígamót taka þátt í. Í því verður sjónum beint að stöðu erlendra kvenna sem giftast innlendum mönnum, en sæta slæmri meðferð.

http://europa.eu.int/comm/justice_home/funding/daphne/funding_daphne_en.htm

Annað erlent samstarf

Konur, karlar og lýðræði

Valgerður H. Bjarnadóttir framkvæmdastýra Jafnréttisstofu sat í undirbúningshópi fyrir þriðju ráðstefnuna um konur, karla og lýðræði (WoMen and Democracy), sem haldin var í Tallinn í Eistlandi. Hún var jafnframt tengiliður fyrir Íslands hönd. Ráðstefnan fór fram í febrúar 2003 en aðildarlönd hennar voru auk Norðurlandanna, Eistland, Lettland, Litháen, Rússland, Hvíta-Rússland, Bandaríkin, Pólland og Þýskaland.

Ráðstefnur og fundir erlendis

Starfsfólk Jafnréttisstofu á sæti í fjölda nefnda og vinnuhópa erlendis og hefur sótt ráðstefnur, fundi og málþing í því sambandi, auk þess að sækja einstaka viðburði sem þau hafa ekki átt þátt í að undirbúa. Stofunni berast ótal tilboð um þátttöku í áhugaverðum ráðstefnum og námskeiðum, en sökum tíma og fjármagnsskorts er ómögulegt að þiggja meira en örlítið brot af þeim boðum. Meðal þeirra erlendu viðburða sem fulltrúar stofunnar sótti á árinu voru:

- Towards a closing of the Gender Pay Gap, Osló 18.-19. nóvember. Lokaráðstefna Evrópuverkefnis sem Jafnréttisráð og Rannsóknastofa í kvennafræðum áttu aðild að. Sjá nánari umfjöllun um verkefnið fyrr í skýrslunni.
- Upphafsseminar norræna velferðarrannsóknaverkefnisins í Osló í júní.
- Sérfræðingafundur “Likelönn i Norden”, haldinn í Osló 3. október.
- *Equal Pay is Value Adding*. Málþing í Kaupmannahöfn 29. nóvember.
- First Joint Seminar of the Nordic and Baltic Countries Against Trafficking in Women, haldin í Tallinn 29.- 31. maí. Upphafsráðstefna átakst Norðurlandanna og Eystrasaltslandanna gegn verslun með konur.
- Taking Wing, ráðstefna um málefni kvenna á norðurslóðum haldin í Saariselkä í Finnlandi 3.- 6. ágúst.

Jafnréttisráð

Gott samstarf var milli Jafnréttisstofu og Jafnréttisráðs þrátt fyrir að engin formleg tengsl séu samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Samkvæmt samstarfssamningi ráðsins og stofunnar leggur Jafnréttisstofa ráðinu til aðstoð samsvarandi hálfu starfi.

Kærunefnd jafnréttismála

Engin formleg tengsl eru milli Jafnréttisstofu og Kærunefndar Jafnréttismála. Það er þó í verkahring Jafnréttisstofu að leiðbeina og aðstoða einstaklinga sem telja á sér brotið samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, við að útbúa kærur til kærunefndar. Stofan heldur einnig utan um málalyktir og fylgir málum eftir óski kærandi þess.

Fylgiskjal

Reglugerð um starfsemi Jafnréttisstofu

I. KAFLI Gildissvið og hlutverk.

1. gr. Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um starfsemi Jafnréttisstofu.

2. gr. Hlutverk.

Hlutverk Jafnréttisstofu er að stuðla að því að markmið laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla náist ásamt því að hafa eftirlit með framkvæmd laganna.

II. KAFLI Eftirlit með framkvæmd laganna.

3. gr. Eftirlit.

Jafnréttisstofa skal hafa eftirlit með framkvæmd laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Þegar ætla má að ákvæði laganna hafi verið brotin skal framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu senda rökstudd tilmæli til hlutaðeigandi þar sem hvatt er til að ákvæði laganna verði virt. Jafnréttisstofa skal veita ráðgjöf við úrlausn málsins.

4. gr.

Álitum kærunefndar jafnréttismála fylgt eftir.

Þegar liggur fyrir álit kærunefndar jafnréttismála þar sem nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu að ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla hafi verið brotin skal framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu að fenginni beiðni frá kæranda senda áskorun til kærða um að fundin verði lausn í samræmi við álit nefndarinnar.

5. gr.

Mál fyrir kærunefnd jafnréttismála.

Framkvæmdastjóra Jafnréttisstofu er heimilt þegar sérstaklega stendur á að óska eftir því við kærunefnd jafnréttismála að nefndin taki erindi til umfjöllunar hafi Jafnréttisstofu borist staðfestar upplýsingar um ætlað brot á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

III. KAFLI Jafnréttisfulltrúar og jafnréttisnefndir sveitarfélaga.

6. gr.

Jafnréttisfulltrúar ráðuneyta.

Framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu skal boða jafnréttisfulltrúa ráðuneyta saman til fundar eins oft og þurfa þykir en þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

Starfsmenn Jafnréttisstofu skulu vera jafnréttisfulltrúum ráðuneyta til ráðgjafar um störf þeirra á sviði jafnréttismála, meðal annars um samþættingu jafnréttissjónarmiða á verksviði viðkomandi ráðuneytis.

7. gr.

Árleg greinargerð jafnréttisfulltrúa.

Framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu skal árlega óska eftir greinargerð um jafnréttisstarf hvers ráðuneytis. Í greinargerðinni skulu meðal annars koma fram upplýsingar um aðferðir við samþættingu jafnréttissjónarmiða á verksviði viðkomandi ráðuneytis og þeirra stofnana sem undir ráðuneytið heyra, mat á áhrifum samþættingar, upplýsingar um hlutfall kvenna og karla í nefndum, stjórnnum og ráðum á vegum viðkomandi ráðuneytis og hlutfall kvenna og karla er starfa hjá ráðuneytunum og þeim stofnunum sem undir það heyra.

Jafnréttisstofa skal veita umsögn sína um sérhverja greinargerð til leiðbeiningar um frekari þróun í átt til jafnréttis og hvernig skuli viðhalda jafnrétti á verksviði hvers ráðuneytis.

8. gr.

Jafnréttisnefndir sveitarfélaga.

Framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu skal árlega boða fulltrúa jafnréttisnefnda sveitarfélaga til fundar þar sem farið er yfir framgang mála á þeim sviðum er varða jafnrétti kvenna og karla hjá sveitarfélögunum. Starfsmenn Jafnréttisstofu skulu vera jafnréttisnefndum sveitarfélaga til ráðgjafar um málefni er varða jafnrétti kvenna og karla, þar á meðal um samþættingu jafnréttissjónarmiða við ákvörðunartöku hjá sveitarfélaginu og sérstakar aðgerðir sem ætlaðar eru til að tryggja jafnrétti kynjanna innan sveitarfélagsins.

IV. KAFLI

Heimild til málshöfðunar.

9. gr.

Málshöfðunarheimild.

Jafnréttisstofa hefur heimild til að höfða mál fyrir íslenskum dómstólum til viðurkenningar á rétti kæranda á grundvelli laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla að uppfylltum skilyrðum, sbr. 5. mgr. 3. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og 10. gr. reglugerðar þessarar. Framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu metur, að höfðu samráði við kæranda og með hliðsjón af umsögn kærunefndar jafnréttismála, hvort skilyrði málshöfðunar, sbr. 11. gr., svo og skilyrði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og reglugerðar þessarar sé fullnægt.

10. gr.

Takmörkun á heimild til málshöfðunar.

Jafnréttisstofu er einungis heimilt að höfða viðurkenningarmál þegar:

- a. ætla má að kærufni hafi almennt fordæmisgildi á sviði jafnréttis kynjanna,
- b. mikilvægt er að fá túlkun dómstóla á lagahugtökum til að greiða fyrir framkvæmd laganna.

11. gr.

Skilyrði málshöfðunar.

Álit kærunefndar jafnréttismála skal liggja fyrir um kærufnið áður en mál er höfðað þar sem nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu að ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla hafi verið brotin.

Áður en mál er höfðað skal Jafnréttisstofa ganga úr skugga um að kærði hafi ekki farið að tilmælum kærunefndar jafnréttismála um úrbætur í hlutaðeigandi máli, þrátt fyrir áskorun framkvæmdastjóra Jafnréttisstofu þar um, sbr. 4. gr.

12. gr.

Undirbúningur að ákvörðun um málshöfðun.

Jafnréttisstofa skal sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun um málshöfðun er tekin svo unnt sé að meta hvort skilyrði málshöfðunar séu uppfyllt.

13. gr.

Kostnaður.

Kostnaður af málshöfðun skv. 5. mgr. 3. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og IV. kafla reglugerðar þessarar greiðist af Jafnréttisstofu.

V. KAFLI

Mismunun.

14. gr.

Bann við mismunun.

Hvers kyns mismunun eftir kynferði, hvort heldur bein eða óbein, er óheimil.

15. gr.

Bein mismunun.

Bein mismunun er hvers kyns aðgreining, útilokun eða takmörkun sem byggð er á kynferði sem hefur þau áhrif eða markmið að hindra eða koma í veg fyrir að annað kynið fái viðurkennd, geti notið eða framfylgt mannréttindum og grundvallarfrelsi á sviði stjórn mála, efnahagsmála, félagsmála, menningarmála, borgaralegra mála eða á sérhverju öðru sviði.

16. gr.

Óbein mismunun.

Óbein mismunun er fyrir hendi þegar hlutlaust skilyrði, viðmið eða ráðstöfun kemur hlutfallslega verr við annað kynið nema slíkt sé viðeigandi, nauðsynlegt eða réttlætanlegt vegna hlutlægra þátta óháð kyni.

VI. KAFLI

Gildistaka.

17. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 5. mgr. 3. gr. og 30. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000, öðlast þegar gildi. Með setningu hennar er einnig verið að innleiða tilskipun Evrópusambandsins nr. 97/80/EB, um sönnunarbyrði í málum er varða mismunun vegna kynferðis, sem vísað er til í 21. lið a XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 43/1999.

Félagsmálaráðuneytinu, 16. janúar 2003.

Páll Pétursson.

Guðrún A. Þorsteinsdóttir.